

ÚRGANGSMÁL - Breytt flokkun í Bláskógabyggð

Til íbúa og fyrirtækja í Bláskógabyggð

Nú í byrjun mars hefst flokkun á lífrænum úrgangi í Bláskógabyggð. Þá verður öllum skylt að flokka lífrænan úrgang frá þeim úrgangi sem til fellur. Þetta á við um íbúa, fyrirtæki og eigendur sumarhúsa.

Öll heimili í sveitarfélaginu fá tunnu, svokallaða brúna tunnu, í hana á að safna öllum lífrænum úrgangi sem til fellur á heimilinu. Þar með verða komnar fjórar tunnur við hvert heimili en fyrir eru tunnur undir almennt sorp, svokölluð grátunna, blátunna fyrir pappír og pappa og svo græn tunna sem allt plast á að fara í. Tunnurnar verða losaðar á 3ja vikna fresti, samhliða losun á grátunnu.

Þjörgunarsveitirnar í sveitarfélaginu munu keyra tunnurnar að öllum heimilum, gert er ráð fyrir að það verði gert í kringum mánaðarmótin febrúar/mars.

Tunnurnar eru með brúnu loki til aðgreiningar frá öðrum tunnum sem fyrir eru. Ekki verður þó hægt að afhenda allar tunnurnar með brúnu loki, en það verður gert um leið og sveitarfélagið fær þau lok sem uppá vantar. Samhliða afhendingu á brúntunnunni munu þjörgunarsveitirnar setja límmiða á allar tunnur við heimili með leiðbeiningum um hvað má fara í hverja tunnu fyrir sig.

Hægt verður að afþakka brúntunnu en þá verða íbúar að geta afseti lífræna úrganginn með ábyrgum hætti. Þau heimili sem afþakka brúntunnuna þurfa að senda tölvupóst á netfangið blaskogabyggd@blaskogabyggd.is.

Þau heimili sem hyggjast fara í moltugerð geta t.d. nálgast góðar leiðbeiningar á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is

Fyrirtæki þurfa einnig að flokka lífrænan úrgang frá úrganginum sem til fellur í þeirra rekstri. Fyrirtækin þurfa að semja við þjónustuverktaka um hirðingu á lífræna úrganginum eða afsetja hann með ábyrgum hætti.

Bæklingi með flokkunarleiðbeiningum verður dreift inná öll heimili og til allra fyrirtækja í sveitarfélaginu dagana 5.-6. mars. nk. Upplýsingar verða einnig birtar á heimasíðu sveitarfélagsins og á facebooksíðu þess.

Til að minnka ennfrekar það magn sem fer til urðunar eða brennslu eru öll heimili og fyrirtæki hvött til að **safna málmi, s.s niðursuðudósum, og gleri og setja þann úrgang í þar til gerða gáma á gámastöðvum sveitarfélagsins.**



Tveir íbúafundir verða haldnir til að kynna breytta flokkun á úrgangi og þar verður fyrirspurnum svarað.

Fundirnir verða haldnir þriðjudaginn 5. mars.

- á Laugarvatni kl. 17:00 í Háskóla Íslands.
- í Reykholti kl. 20:00 í Aratungu.

Á fundunum mun fulltrúi frá Gámaþjónustunni kynna ýmsar vörur og lausnir til að auðvelda flokkun á heimilum.

Sveitarfélagið hefur ákveðið að afhenda öllum heimilum ílát sem hægt verður að safna lífrænum úrgangi í, ílátið tekur 8 ltr. Þau heimili sem vilja þiggja ílát geta fengið þau afhent á íbúafundunum eða á skrifstofu Bláskógabyggðar út aprílmánuð. Þá verða öllum heimilum afhent ein rúlla með maispokum til að safna lífræna úrganginum í, en ekki má setja lífræna úrganginn í venjulegum plastpokum í brúntunnuna.

Það er hagur okkar allra að flokka sem mest og best, með því er hægt að halda niðri kostnaði í þessum málaflokki og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Það er fjárhagslegur ávinningur fyrir okkur öll að lágmarka það magn sem fer til urðunar eða í brennslu, það að hefja söfnun á lífrænum úrgangi er stórt skref á þeirri vegferð.

Bláskógabyggð, febrúar 2019.